

# Fuglar í Steingrímsfjarðarbotni

Unnið fyrir Vegagerðina

Böðvar Þórisson  
Hafdís Sturlaugsdóttir

Desember 2009  
NV nr. 4-09

## Útdráttur

Að beiðni Vegagerðarinnar var gerð athugun á fuglalífi vegna breytts vegstæðis á vegi 643 í botni Steingrímsfjarðar. Breytingar eru áætlaðar á veginum frá Staðará og að afleggjara Geirmundarstaðar.

Fuglar voru athugaðir að vori (vortalning) og svo aftur um sumarið (sumartalning). Vortalningar var framkvæmd á sjávarfitjum við stakkanes þann 14. maí 2009. Talið var á háflóði.

Athugaðir voru varpfuglar í botni Steingrímsfjarðar þann 16. Júní 2009. Athugunarsvæðið (0,8 km<sup>2</sup>) var skipt niður í þrjú minni svæði: botn Steingrímsfjarðar við Staðará, ströndina rétt utan við Stakkanesbæinn og út fyrir Grænanes og svæði að afleggjara Geirmundarstaða.

Æðarvarp er á eyri rétt suðaustan við fjárhús sem er við bæinn Stakkanes. Varpið er um 40-50 hreiður.

Tvö pör af gulönd og straumönd sáust á Staðaránni.. Skúfandarsteggur sást nálægt ósnum og síðar um sumarið sást kolla með þrjú unga.

Athuganir voru gerðar á fuglum í Steingrímsfirði og nágrenni á árunum 1987-1994 (Jón Hallur Jóhannsson og Björk Guðjónsdóttir 1995). Í þeirri rannsókn voru skráðar 34 tegundir varpfugla í Steingrímsfjarðarbotni (10x10 km reitur). Sumarið 2009 fundust um 20 tegundir í varpi eða voru líklegir varpfuglar. Ein tegund sást síðast liðið sumar en var ekki skráð sem varpfugl 1995 en það er duggönd. Hún gæti orpið við tjörn í mynni Selársdals en einnig hefur hún sést á vötnum upp á Trékyllisheiði.

Stakkanesleirur virðast ekki vera mikilvægar fyrir rauðbrysting og nefna Jón og Björk (1995) hann ekki á því svæði. Aðrir vaðfuglar nýta samt leirurnar eins og tildir og sendlingar.

Tvær veglínur hafa verið teiknaðar í botni fjarðarins, önnur fylgir að mestu núverandi vegstæði en hin liggur fremst á fitjunum. Sú síðari mun aðallega hafa áhrif á æðar- og kríuvarpið þar sem vegurinn mun liggja í gegnum vörpin. Áhrifin verða líklega tímabundin og fjöldi hreiðra ætti að verða svipaður fljótlega eftir að framkvæmdum lýkur. Töluverðar sveiflur geta verið í kríuvarpinu og óvíst að framkvæmdir munu hafa nokkur áhrif nema þá tímabundin t.d. ef vegurinn yrði lagður á varptímanum.

Fjórar tegundir, sem eru á valista (Náttúrufræðistofnun 2000), sáust á rannsóknarsvæðinu eða nálægt því. Ein af þeim tegundum verpur við fyrirhugaða veglínu en það er grágæs. Vegagerð mun ekki hafa áhrif á varp grágæsa í botni fjarðarins enda verpur hún oft innan athafna mannanna eins og inni í æðarvarpi, við vegi, flugvelli o.s.frv.

**Efnisyfirlit**

Útdráttur .....	2
Efnisyfirlit .....	3
Inngangur .....	4
Aðferðir .....	4
Niðurstöður .....	5
Botn Steingrímsfjarðar við Staðará.....	5
Vortalning .....	5
Sumartalning .....	6
Norðan og innanverður Steingrímsfjörður við Grænanes.....	8
Innan Grænaness að afleggjara Geirmundarstaða.....	9
Umræður .....	10
Válisti .....	10
Þakkir .....	11
Heimildaskrá.....	11

## Inngangur

Að beiðni Vegagerðarinnar var gerð athugun á fuglalífi vegna breytts vegstæðis á vegi 643 í botni Steingrímsfjarðar. Breytingarnar eru áætlaðar á vegi frá Staðará og að afleggjara Geirmundarstaðar.

Athuganir voru gerðar á fuglum í Steingrímsfirði og nágrenni á árunum 1987-1994 (Jón Hallur Jóhannsson og Björk Guðjónsdóttir 1995) og voru þá skráðar 34 tegundir varpfugla í Steingrímsfjarðarbotni (10x10 km reitur). Einnig er til óbirtar athuganir Náttúrustofu Vestfjarða á rauðbrystingum í norðanverðum Steingrímsfirði þann 18. maí 2005.

## Aðferðir

Fuglar voru athugaðir að vori (vortalning) til og svo aftur um sumarið (sumartalning). Vortalning var framkvæmd á sjávarfitjum við stakkanes þann 14. maí 2009. Talið var á háflóði.

Athugaðir voru varpfuglar í botni Steingrímsfjarðar þann 16. Júní 2009. Athugunarsvæðið (0,8 km<sup>2</sup>) var skipt niður í þrjú minni svæði: botn Steingrímsfjarðar við Staðará, ströndina rétt utan við Stakkanesbæinn og út fyrir Grænanes og loks svæði að afleggjara Geirmundarstaða. Athugunin hófst um fjögur að morgni og lauk fjórum tímum síðar. Fyrst var ekið um í bíl og fuglar skoðaðir og taldir með sjónauka en síðan var svæðið gengið.

Atferli fugla var skráð og varpstig þeirra meti á skala frá 1-4:

Varpstig 1 = staðfest varp, samanber hreiður með eggjum, ungar eða fuglarnir sýni atferli sem gefur til kynna að um varp sé að ræða.

Varpstig 2 = líklegt varp á svæðinu.

Varpstig 3 = hugsanlegt varp eða varpfugl í grennd við svæðið.

Varpstig 4 = ekki varpfugl, fugl á leið um svæðið eða geldfugl.



Mynd 1. Kort af rannsóknarsvæðinu og nágrenni þess. Rauður rammi afmarkar svæðið.

## Niðurstöður

### Botn Steingrímsfjarðar við Staðará

#### Vortalning

Um vorið 2009 sáust fuglar efst í fjörunni, á sjávarfitjum, kílum og á túnum. Í töflu 1 eru tegundirnar sem sáust taldar upp og fjöldi fugla hverra tegundar.

Rauðbrystingur sást ekki í botni Steingrímsfjarðar vorið 2005 og 2009 en fyrri talning var tveimur tímum fyrir flóð og sú seinni um háflóð. Rauðbrystingur sást þó utar í Steingrímsfirði vorið 2005 og voru 455 fuglar frá Selá að Drangnesi. Bæði árin 2005 og 2009 sáust sendlingar í botni fjarðarins, 150 fuglar fyrra árið en 100 það seinna.

Tafla 1. Fuglar við Stakkanes í botni Steingrímsfjarðar 14. maí 2009.

Tegund	Latneskt heiti	Fjöldi	Búsvæði
Heiðagæs	<i>Anser Brachyrhynchos</i>	2	Tún
Grágæs	<i>Anser anser</i>	7	Tún
Tjaldur	<i>Heamatopus ostralegus</i>	1	Leirur
Sandlóa	<i>Charadrius hiaticula</i>	2	Leirur
Heiðlóa	<i>Pluvialis apricaria</i>	8	Sjávarfitjar
Sendlingur	<i>Calidris maritima</i>	100	Kílar
Lóuþræll	<i>Calidris alpina</i>	3	Leirur, kílar
Jaðrakan	<i>Limosa limosa</i>	1	Við brúna yfir Staðardalsá
Spói	<i>Numenius phaeopus</i>	1	Tún
Stelkur	<i>Tringa totanus</i>	2	Sjávarfitjar
Tildra	<i>Arenaria interpres</i>	14	Leirur, kílar, sjávarfitjar
Sílamáfur	<i>Larus fuscus</i>	1	Sjávarfitjar
Hvítmáfur	<i>Larus hyperboreus</i>	2	Sjávarfitjar
Svartbakur	<i>Larus marinus</i>	5	Sjávarfitjar, leirur
Kría	<i>Sterna paradisaea</i>	16	Sjávarfitjar

### Sumartalning

Í botni Steingrímsfjarðar hefur Staðará flæmst um og þar eru áreyrar, sumar grónar. Einnig eru nokkrir kílar á svæðinu. Æðarvarp er á eyri rétt suðaustan við fjárhús sem er við bæinn Stakkanes (mynd 1). Varpið er um 40-50 hreiður.



Mynd 2. Séð yfir áreyrarnar að bænum Stakkanesi.

Í töflu 2 má sjá þær tegundir sem sást í botni Steingrímsfjarðar um miðjan júní 2009 og varpstig þeirra.

Tafla 2. Tegundir sem sást í botni Steingrímsfjarðar og varpstig þeirra.

Varpstig **1** = staðfest varp, samanber hreiður með eggjum, ungar eða fuglarnir sýni atferli sem gefur til kynna að um varp sé að ræða, **2** = líklegt varp á svæðinu, **3** = hugsanlegt varp eða varpfugl í grennd við svæðið, **4** = ekki varpfugl, fugl á leið um svæðið eða geldfugl.

<b>Tegund</b>	<b>Latneskt heiti</b>	<b>Fjöldi</b>	<b>Varpstig</b>	<b>Lýsing</b>
Lómur	<i>Gavia stellata</i>	2	4	Stakir á sjó
Himbrimi	<i>Gavia immer</i>	1	4	Á sjó
Grágæs	<i>Anser anser</i>	6	1	Tvö hreiður
Stökkönd	<i>Anas platyrhynchos</i>	10	1	Eitt hreiður
Skúfönd	<i>Aythya fuligula</i>	1	3	Einn steggur
Æðarfugl	<i>Somateria mollissima</i>	40	1	15 hreiður
Straumönd	<i>Histrionicus histrionicus</i>	4	4	Tvö pör
Toppönd	<i>Mergus serrator</i>	2	3	Tveir steggir
Gulönd	<i>Mergus merganser</i>	4	4	Tvö pör
Tjaldur	<i>Haematopus ostralegus</i>	2	1	Eitt hreiður
Sandlóa	<i>Charadrius hiaticula</i>	3	1	Tvö hreiður
Heiðlóa	<i>Pluvialis apricaria</i>	8	1	Eitt hreiður
Lóuþræll	<i>Calidris alpina</i>	6	1	Eitt hreiður
Hrossagaukur	<i>Gallinago gallinago</i>	2	1	Eitt hreiður
Stelkur	<i>Tringa totanus</i>	10	2	Varpatferli
Hettumáfur	<i>Larus ridibundus</i>	50	1	Ófleygir ungar
Sílamáfur	<i>Larus fuscus</i>	6	4	Á fitjunum
Svarbakur	<i>Larus marinus</i>	2	4	Á fitjunum
Rita	<i>Rissa tridactyla</i>	3	4	Á sjó í ætisleit
Kría	<i>Sterna paradisaea</i>	25	1	10 hreiður
Maríuerla	<i>Motacilla alba</i>	1	3	Líklegt varp
Skógarþröstur	<i>Turdus iliacus</i>	2	1	Eitt hreiður
<b>Fjöld tegunda á varpstigi 1-3</b>		<b>15</b>		

Um 50 hettumáfar voru niður í fjöru og á fitjunum nálægt bænum, bæði voru þetta ófleygir ungar og fullorðnir fuglar. Maríuerla, skógarþröstur og hrossagaukur voru heim við bæinn á Stakkanesi. Aðrir fuglar sem sást voru á áreyrunum og leirum þar við (tafla 2).

Tvö pör af gulönd og straumönd sást á Staðaránni. Skúfandarsteggur sást nálægt ósnum og síðar um sumarið sást kolla með þrjá unga. Tvö grágæsahreiður fannst á svæðinu.

### Norðan og innanverður Steingrímsfjörður við Grænanes

Svæðið einkennist af mólendi en í kringum Grænanesbæinn, sem er í eyði, er gamalt tún (sjá Hafdís Sturlaugsdóttir 2009).

Hópur æðarblika sat uppi í fjörinni eða 69 fuglar. Hrossagaukur með tvo unga var við afleggjarann að Grænanesi og heiðlóur í mólendi inn af bænum (mynd 3). Aðrir fuglar sem sáust voru í eða við fjöruna (tafla 3).



Mynd 3. Grænanes, horft inn fjörðinn (vesturátt).

Tafla 3. Fuglar sem sáust við Grænanes og varpstig þeirra.

Tegund	Latneskt heiti	Fjöldi	Varpstig	Lýsing
Grágæs	<i>Anser anser</i>	7	3	Par með 5 unga
Æðarfugl	<i>Somateria mollissima</i>	80	1	Sjö hreiður
Toppönd	<i>Mergus serrator</i>	9	3	Líklegur varpfugl
Tjaldur	<i>Haematopus ostralegus</i>	2	1	Par með 2 unga
Heiðlóa	<i>Pluvialis apricaria</i>	8	1	Einn ungi sást
Hrossagaukur	<i>Gallinago gallinago</i>	2	1	Tveir með tvo unga
Stelkur	<i>Tringa totanus</i>	10	1	Varpatferli
Svarbakur	<i>Larus marinus</i>	2	4	Tveir sátu upp á klettum
Kría	<i>Sterna paradisaea</i>	2	1	Eitt hreiður
<b>Fjöldi tegunda á varpstigi 1-3</b>		<b>8</b>		



### Innan Grænanes að afleggjara Geirmundarstaða.

Svæðið nær frá fjöru í lítilli vík innan Grænanes að þurrlendi við afleggjarann að Geirmundarstöðum. Á milli er mólendi og ein tjörn með mýrlendi umhverfis (mynd 4).



Mynd 4. Álftardyngja fyrir miðri mynd.

Í fjörunni var tjaldur með tvo unga og kría með varpatferli. Æðarkollur sátu uppi í fjörunni með unga.



Mynd 5. Heiðlóungi felur sig í grasi.

Á tjörninni var álftar par og lá annar fuglinn á hreiðri (mynd 4). Einnig voru á tjörninni: óðinshonar, toppandarsteggur og duggandarpar. Í móanum fannst heiðlóungi (mynd 5) en aðrir fuglar með varpatferli voru stelkar, spói, hrossagaukur og jaðrakan.

Tafla 4. Tegundir sem sást innan Grænanes og að afleggjara að Geirmundarstöðum.

Tegund	Latneskt heiti	Fjöldi	Varpstig	Lýsing
Himbrimi	<i>Gavia immer</i>	1	4	Á sjó
Álft	<i>Cygnus cygnus</i>	2	1	Lá á hreiðri
Duggönd	<i>Aythya marila</i>	4	2	Par á tjörninni
Æðarfugl	<i>Somateria mollissima</i>	8	1	Þrjú hreiður
Toppönd	<i>Mergus serrator</i>	2	3	Hugsanlegt
Tjaldur	<i>Haematopus ostralegus</i>	4	1	Tvö pör með unga
Heiðlóa	<i>Pluvialis apricaria</i>	6	1	Einn ungi
Hrossagaukur	<i>Gallinago gallinago</i>	5	2	Varpatferli
Jaðrakan	<i>Limosa limosa</i>	3	2	Varpatferli
Spói	<i>Numenius phaeopus</i>	2	2	Varpatferli
Stelkur	<i>Tringa totanus</i>	5	2	Varpatferli
Óðinshani	<i>Phalaropus lobatus</i>	6	2	Varpatferli
Kría	<i>Sterna paradisaea</i>	2	1	Eitt hreiður
<b>Fjöldi tegunda á varpstigi 1-3</b>		<b>12</b>		

## Umræður

Athuganir voru gerðar á fuglum í Steingrímsfirði og nágrenni á árunum 1987-1994 (Jón Hallur Jóhannsson og Björk Guðjónsdóttir 1995). Í þeirri rannsókn voru skráðar 34 tegundir varpfugla í Steingrímsfjarðarbotni (10x10 km reitur). Sumarið 2009 fundust um 20 tegundir í varpi eða voru líklegir varpfuglar. Ein tegund sást síðast liðið sumar en var ekki skráð sem varpfugl 1995 en það er duggönd. Hún gæti orpið við tjörn í mynni Selársdal en einnig hefur hún sést á vötnum upp á Trékyllisheiði.

Stakkanesleirur virðast ekki vera mikilvægar fyrir rauðbrysting og nefna Jón og Björk (1995) ekki hann á því svæði. Aðrir vaðfugla nýta samt leirurnar eins og tildir og sendlingar.

Tvær línur hafa verið teiknaðar í botni fjarðarins, önnur fylgir að mestu núverandi vegstæði en hin liggur fremst á fitjunum. Sú síðari mun aðallega hafa áhrif á æðar- og kríuvarpið þar sem vegurinn mun liggja í gegnum vörpin. Töluverðar sveiflur geta verið í kríuvarpinu og óvíst að framkvæmdir munu hafa nokkur áhrif nema þá tímabundin t.d. ef vegurinn yrði lagður á varptímanum. Áhrifin á æðarvarpið verða líklega tímabundin og fjöldi hreiðra ætti að vera svipaður fljótlega eftir að framkvæmdum lýkur.

## Válisti

Fjórar tegundir, sem eru á válista (Náttúrufræðistofnun 2000), sást á rannsóknarsvæðinu eða nálægt því. Ein af þeim tegundum verpur við fyrirhugaða veglínu en það er grágæs. Vegagerð mun ekki hafa áhrif á varp grágæsa í botni fjarðarins enda verpur hún oft innan athafna mannanna eins og inni í æðarvarpi, við vegi, flugvelli o.s.frv.

Straumönd, gulönd og svartbakur eru á válista og sáust á svæðinu. Ólíklegt er að vegagerð fari nálægt hugsanlegum varpstöðum þeirra. Varpstaðir gulandar og straumandar eru líklega upp með Staðaránni.

Tegundir í yfirvofandi hættu:

**Grágæs**, hefur fækkað meira en 20% á 10 árum.  
Grágæs var í varpi í botni Steingrímsfjarðar.

Tegundir í nokkurri hættu:

**Straumönd**. Háð vernd, Ísland er eina varpland straumandar í Evrópu.  
Straumendur sáust við áros Staðaráar. Líklega eru varpstaðir upp með Staðaránni.

Tegund í yfirvofandi hættu:

**Gulönd**. Lítil stofn, minna en 1000 fuglar.  
Gulendur sáust við áros Staðará. Líklega eru varpstaðir upp með Staðaránni.

Tegund í yfirvofandi hættu:

**Svartbakur**. Hefur fækkað mikið.  
Svartbakur sáust á fitjunum við Stakkane og upp á klettum við Grænanes. Engin hreiður fundust né líklegir varpstaðir.

**Þakkir**

Matthíasi Lýðssyni er þakkað fyrir aðstoð við fuglaathuganir.

**Heimildaskrá**

Jón Hallur Jóhannsson og Björk Guðjónsdóttir. 1995. Varpfuglar í Steingrímsfirði og nágrenni. Könnun 1987-1994. Náttúrufræðistofnun Íslands. Fjölrit nr. 28.

Náttúrufræðistofnun. 2000. Válisti 2 – Fuglar. Náttúrufræðistofnun Íslands.

Hafdís Sturlaugsdóttir. 2009. Gróður í Steingrímsfjarðarbotni. Náttúrustofa Vestfjarða, NV nr. 6-09.